



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 49/2014

## Sölubann og innköllun á fatnaði frá Henson

### I.

#### Málsmeðferð

Neytendastofa fer með framkvæmd laga nr. 134/1995, svo og reglum settum samkvæmt þeim. Á þeim grundvelli tekur hún til meðferðar mál sem varða lög um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu hér á landi, reglum settum samkvæmt þeim og kröfum sem gilda um öryggi vörunnar.

Þann 13. febrúar 2014 komu tveir fulltrúar frá Neytendastofu í Henson Sports hf., að Brautarholti 24, 105 Reykjavík, til þess að skoða bönd og reimar í barnafatnaði hjá þeim. Beindist sú könnun að því að athuga hvort ákvæðum laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, og gildandi staðli um barnafatnað, ÍST EN 14682:2007, „Öryggi barnafatnaðar – Bönd og reimar í barnafatnaði - Forskriftir“, væri framfylgt. Framangreind skoðun er hluti af átaksverkefni Neytendastofu um öryggi barnafatnaðar m.t.t. banda og reima það er hvort hætta sé á fatnaðurinn er ekki í samræmi við kröfur vegna kyrkingarhættu. Alls voru sex flíkur teknar til frekari skoðunar þar sem að bönd og reimar í þeim voru mæld. Af þeim voru alls sex flíkur sem ekki voru í samræmi við staðal. Þær flíkur sem hér um ræðir eru eftirfarandi (sjá nánar myndir í fylgiskjali með ákvörðun þessari):

1. Hettupeysa með böndum í hettu - Rauð
2. Eróbik buxur - svartar - með böndum í buxnastreng og á skálmum
3. Buxur með böndum í buxnastreng
4. Hettupeysa með böndum í hettu -með bláu fódri í hettu
5. Hettupeysa með böndum í hettu - hvít með svörtu og brúnu lopapeysumynstri

Með bréfi Neytendastofu til Henson, dags. 3. apríl 2014, var Henson gerð grein fyrir ofangreindu ósamræmi við kröfur og fór stofnunin fram á að umræddar vörur yrðu teknar úr sölu og innkallaðar frá neytendum og að gerðar yrðu viðeigandi lagfæringar á þeim, afhenda kaupendum sams konar vörur, en hættulausar, ella greiða kaupendum andvirði vörunnar.. Neytendastofa óskaði jafnframt eftir því að stofnunin yrði upplýst um þær aðgerðir sem að Henson myndi grípa til vegna framangreindra fyrirmæla stofnunarinnar innan tíu daga frá dagsetningu bréfsins, sbr. 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, ella gæti komið til þess að



Neytendastofa myndi setja sölubann á vöruna og krefjast innköllunar. Engin svör bárust frá Henson innan frestsins.

Þar sem að engin svör höfðu borist Neytendastofu vegna fyrra bréfs var með bréfi Neytendastofu til Henson, dags. 14. maí 2014, ítrekuð krafa Neytendastofu um aðgerðir og um heimild stofnunarinnar að setja á vörunar sölubann á vörunar auk innköllunar. Var Henson gefin kostur á að koma með athugasemdir áður en tekin yrði ákvörðun um framhald málsins.

Þar sem ekkert hafði enn heyrst frá Henson þann 19. júní 2014 hafði starfsmaður Neytendastofu samband við Henson símleiðis vegna málsins. Þar tjáði framkvæmdastjóri Henson starfsmanni Neytendastofu að eftir að Neytendastofa kom í Henson þann 13. febrúar 2014 þá væru ekki lengur sett bönd í barnafatnað og að allar þær vörur sem kæmu að utan væru ekki með böndum. Stafsmaður Neytendastofu ítrekaði efni fyrrnefndra bréfa og bað um að Neytendastofu yrðu send svör um það með hvaða hætti Henson hygðist grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir hættu sem af fatnaðnum gæti stafað sem nú þegar væri seldur. Framkvæmdastjóri Henson tjáði að hann myndi nú fara í það að svara bréfi Neytendastofu. Þar sem engin svör bárust ítrekaði stofnunin beiðni um skýringar á til hvaða aðgerða yrði gripið.

Neytendastofa ítrekaði framangreint erindi að lokum var Henson gefinn lokafrestur til að grípa til aðgerðar eigi síðar en 24. október 2014.

Henson hefur ekki farið að fyrirmælum stofnunarinnar.

## II. Niðurstaða

### 1.

Samkvæmt lögum nr. 62/2005 annast Neytendastofa framkvæmd laga um eftirlit með lögum nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu. Eftirlitsstjórnvöld eiga, að eigin frumkvæði eða eftir ábendingu, taka til meðferðar mál er varða öryggi vöru og heyra undir eftirlit þeirra, sbr. 18. gr. laga nr. 134/1995. Samkvæmt lögum nr. 134/1995 fer Neytendastofa m.a. með skipulegt eftirlit með vörum á markaði, þ.á.m hvort að hún samræmist sérstökum eða almennum kröfum sem gerðar eru til viðkomandi vöru. Á grundvelli laga nr. 134/1995 fer Neytendastofa m.a. með eftirlit á öryggi með böndum og reimum í barnafatnaði sem markaðssett eru hér á landi.

Nánar um eftirlit Neytendastofu segir í 11. gr. laga nr. 134/1995:

*„Neytendastofa og viðeigandi eftirlitsstjórnvöld skulu hafa eftirlit með því að vörur á markaði hverju sinni uppfylli settar reglur um öryggi.*



*Neytendastofa og önnur eftirlitsstjórnvöld fara með opinbera markaðsgæslu í samræmi við ákvæði 14. og 15. gr. laga þessara og taka stjórnvaldsákvæðanir í samræmi við IV. og V. kafla laga þessara um málsmeðferð og réttarúrræði eftirlitsstjórnvalda, svo og ákvæði sérlaga eftir því sem við getur átt.*

Í lögnum, svo og reglum settum samkvæmt þeim, eru ítarleg ákvæði um skyldur framleiðenda, innflytjenda og dreifingaraðila. Í 2. gr. laga nr. 134/1995 segir:

*„Framleiðendur mega einungis markaðssetja örugga vöru.*

*Vörur, sem ætlaðar eru til sölu, leigu eða hvers kyns annarrar afhendingar í atvinnuskyni á markaði, skulu vera þannig úr garði gerðar að þær fullnægi kröfum sem vegna almannahagsmuna eru gerðar til þeirra í lögum og reglugerðum eða stöðlum um öryggi vöru og vernd heilsu og umhverfis.*

*Með opinberri markaðsgæslu er leitast við að tryggja að vörur á markaði uppfylli settar reglur að þessu leyti.*

Í lögum nr. 134/1995 er auk þessa að finna ítarleg ákvæði um markaðssetningu á vörum. Í 8. gr. laganna segir:

*Örugg vara merkir sérhverja vöru sem við eðlileg eða fyrirsjáanleg notkunarskilyrði, þ.m.t. endingartíma, svo og kröfur sem gerðar eru um uppsetningu, viðhald og hvernig hún skal tekin í notkun, telst vera hættulaus fyrir einstaklinga, heilsu þeirra og eignir enda fullnægi hún almennum kröfum sem gerðar eru vegna almannahagsmuna um öryggi og vernd heilsu, svo og umhverfis. Við mat á öryggi vöru skal einkum haft til hliðsjónar:*

*1. Eðli vörunnar, þ.m.t. samsetning hennar, umbúðir og samsetningarleiðbeiningar og, þar sem við á, uppsetningar- og viðhaldsleiðbeiningar.*

*2. Áhrif vörunnar á aðrar vörur ef fyrirsjáanlegt er að hún verði notuð með öðrum vörum.*

*3. Framsetning vörunnar, merkingar og, ef við á, varnaðarorð og leiðbeiningar um notkun og förgun auk hvers kyns ábendinga eða upplýsinga um vöruna.*

*4. Hvort varan er gerð fyrir tiltekinn markhóp neytenda sem getur stafað sérstök hættu af vörunni, t.d. börn og eldra fólk.*

*Vara skal ekki sjálfkrafa teljast hættuleg við það eitt að til er á markaði önnur vara sem er talin fullkomnari með tilliti til öryggis eða unnt er að auka öryggi hennar.*

*Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga við um þjónustu sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti eftir því sem við getur átt.*

Framleiðsla og dreifing vöru, svo og þjónusta sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti, skulu ávallt vera í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla sem gilda hverju sinni um öryggi vörunnar, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995. Í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995, er nánar skilgreint hvaða vörur teljast vera öruggar í skilningi laganna. Þar segir að vara teljist vera örugg ef að hún uppfyllir þau skilyrði sem fram koma í íslenskum stöðlum,



sem innleiða Evrópustaðla, sem tilvísun hefur verið birt í hér á landi og í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins í samræmi við tilskipun um öryggi vöru.

Um barnafatnað gildir m.a. staðalinn ÍST EN 14682:2007, „öryggi barnafatnaðar - bönd og reimar í barnafatnaði“.

Í ákvæði 3.2.1. staðals ÍST EN 14682:2007 kemur fram að ekki sé leyfilegt að hafa bönd í hálsmáli á barnafatnaði þegar um er að ræða flíkur fyrir ung börn, þ.e. börn yngri en 7 ára, eða stærð til og með nr. 134, sbr. ákvæði 2.1. í staðlinum. Ástæða þess að bönd í hálsmáli barna, yngri en 7 ára, eru bönnuð er vegna kyrkingarhættu.

Í ákvæði 3.3.1. staðals ÍST EN 14682:2007 kemur fram að ekki sé leyfilegt að hafa reimar/bönd með lausum endum í hálsmáli/hettu á barnafatnaði þegar um ræðir flíkur fyrir eldri börn, þ.e. börn 7-14 ára, stærð frá nr. 134 til 176 hvað varðar stúlkur og til 182 hvað varðar drengi, sbr. ákvæði 2.2. í staðlinum. Ástæða þess að lengri bönd en 75 mm í hálsmáli barna, eldri en 7 ára, eru bönnuð er vegna kyrkingarhættu.

Í ákvæði 3.4.1. staðals ÍST EN 14682:2007 kemur fram að bönd í buxnastreng með lausum endum megi að hámarki vera 140 mm að lengd þegar flíkin er lögð flöt niður og að fullu opin. Þá segir einnig í staðlinum að böndin megi að hámarki vera 280 mm þegar flíkin er bundin að líkamanum. Ástæða þess að lengd banda í mitti á barnafatnaði er takmörkuð samkvæmt staðlinum er vegna hættu á meiðslum.

Í ákvæði 3.1.3. staðals ÍST EN 14682:2007 kemur einnig fram að þegar bönd eru leyfileg í mitti skulu þau vera fest við flíkina. Ástæðan fyrir því að bönd skulu fest er til þess takmörkuð lengd þeirra haldist óbreytt og valdi ekki hættu á meiðslum.

Í ákvæði 3.5.3. staðals ÍST EN 14682:2007 kemur einnig fram að á skósíðum flíkum (jökkum, buxum eða pílsum) eiga bönd á skálmum/faldi að vera algerlega innan í flík.

Við skoðun á böndum í barnafatnaði Hensons, sbr. kafla I. og II. hér að ofan, hefur komið í ljós að fatnaðurinn uppfyllir ekki ofangreind ákvæði staðalsins ÍST EN 14682:2007.

Á rauðri hettupeysu stærð 128 eru bönd í hálsi sem ekki eru leyfileg í barnafatnaði þegar um er að ræða flíkur fyrir ung börn, þ.e. börn yngri en 7 ára, og uppfyllir varan því ekki ákvæði 3.2.1. í staðlinum.

Á svörtum erobik buxum eru bönd í buxnastreng of löng og uppfylla þau því ekki ákvæði 3.4.1. í staðlinum. Böndin mælast 340 mm þegar flíkin er lögð flöt niður og opin að fullu, þar sem leyfileg lengd er 140 mm samkvæmt staðlinum, og 460 mm þegar hún er bundin að líkamanum, þar sem leyfileg lengd er 280 mm. Þá eru böndin einnig laus og uppfylla þau því



ekki ákvæði 3.1.3. í staðlinum. Á buxnaskálmunum eru einnig bönd sem ekki er leyfilegt að hafa utan á skálmum og uppfylla því ekki ákvæði 3.5.3. í staðlinum.

Á buxum með böndum í buxnastreng stærð 128 eru bönd í buxnastreng of löng og uppfylla þau því ekki ákvæði 3.4.1. í staðlinum. Bönd á buxum mælast 220 mm þegar flíkin er lögð flöt niður og opin að fullu, þar sem leyfileg lengd er 140 mm samkvæmt staðlinum, og 285 mm þegar hún er bundin að líkamanum, þar sem leyfileg lengd er 280 mm. Þá eru böndin einnig laus og uppfylla þau því ekki ákvæði 3.1.3. í staðlinum.

Á hettupeysu með böndum í hettu og bláu fóðri í hettu stærð 122 eru engin bönd í háls máli leyfileg í barnafatnaði þegar um er að ræða flíkur fyrir ung börn, þ.e. börn yngri en 7 ára, og uppfyllir varan því ekki ákvæði 3.2.1. í staðlinum.

Á hvítri hettupeysu með böndum í hettu stærð 164 eru reimar/bönd með lausum endum í hettu sem ekki eru leyfileg í barnaflíkum þegar um er að ræða flíkur fyrir eldri börn, þ.e. börn 7-14 ára, stærð frá nr. 134 til 176 hvað varðar stúlkur og til 182 hvað varðar drengi, sbr. ákvæði 2.2. í staðlinum og uppfyllir varan því ekki ákvæði 3.3.1. í staðlinum. Í staðlinum ÍST EN 14682 er hægt að kynna sér nánar undanþágur á því hvað bönd mega vera í háls máli á barnaflíkum þegar um er að ræða flíkur fyrir eldri börn, sbr. ákvæði 3.3.2. og 3.3.3.

Í 2. mgr. 20. gr. laganna er m.a. kveðið á um skyldur framleiðanda, ábyrgðaraðila s.s. dreifingaraðila til samstarfs við Neytendastofu en þar segir:

*„Torveldi framleiðandi eða dreifingaraðili sannanlega rannsókn eftirlitsstjórnvalda og skoðun vöru eða hefur ekki tiltæk fullnægjandi gögn um öryggi hennar getur eftirlitsstjórnvald afturkallað, tekið af markaði eða bannað sölu eða afhendingu hennar.“*

Í 21. gr. laga nr. 134/1995 er kveðið skýrt á um skyldu Neytendastofu til aðgerða t.d. ef ábyrgðaraðili vöru s.s. framleiðandi og dreifingaraðili hefur ekki gripið til viðeigandi ráðstafana, svo sem rakið hefur verið hér á undan, en þar segir

*„Eftirlitsstjórnvöld skulu afturkalla, taka af markaði eða banna sölu eða afhendingu vöru ef ljóst þykir að hún uppfylli ekki reglur og kröfur sem gerðar eru um öryggi vöru enda sé ekki unnt að beita öðrum og vægari úrræðum.“*

Í lögum nr. 134/1995, eru jafnframt ákvæði er varða þær aðgerðir sem Neytendastofu er heimilt og skylt að gera kröfu um í því skyni að tryggja öryggi neytendavöru á markaði, en þar segir í 1. og 2. mgr. 22. gr. laganna:

*„Eftirlitsstjórnvaldi er heimilt í tengslum við afturköllun, þegar vara er tekin af markaði eða bann sem það leggur við dreifingu og sölu vöru samkvæmt þessu ákvæði að skylda framleiðendur og dreifingaraðila til að eyðileggja öll eintök vörunnar með öruggum hætti, ef nauðsyn þykir af eðli máls.“*

*Eftirlitsstjórnvaldi er heimilt í tengslum við afturköllun, þegar vara er tekin af markaði eða bann sem það leggur við dreifingu eða sölu vöru samkvæmt þessu ákvæði að*



*skylda framleiðanda eða dreifingaraðila, eftir því sem við getur átt, til að lagfæra vöruna þannig að hún uppfylli settar reglur, afhenda kaupendum sams konar vöru, en hættulausa, eða greiða kaupendum andvirði vörunnar.“*

Um skyldur framleiðenda eða fulltrúa hans ef það á við og bera kostnað af afturköllun vöru, þ.m.t. vegna tilkynninga er nánar kveðið á um í 24. gr. laga nr. 134/1995, en þar segir m.a.

*„Framleiðandi eða fulltrúi hans ber kostnað vegna þeirra sýnishorna vöru sem tekin eru til rannsóknar. Að lokinni rannsókn skal sýnishornum skilað eða þau eyðilögð með öruggum hætti eftir atvikum. Sýnishorn vöru samkvæmt þessari grein er að jafnaði eitt eintak vöru eða lágmarksfjöldi sem nauðsynlegur er til að framkvæma rannsókn.*

*Framleiðandi eða fulltrúi hans ber allan kostnað af afturköllun vöru. Sé vara ekki í samræmi við settar reglur skal hann bera þann kostnað sem hlýst af skoðun, rannsókn og prófun, svo og annan kostnað. Framleiðandi eða fulltrúi hans greiðir allan kostnað af tilkynningum um hættulega vöru sem beint er til almennings, svo sem kostnað við tilkynningar í fjölmiðlum. Framleiðanda eða fulltrúa hans er heimilt að annast tilkynningar til almennings enda sé framkvæmd tilkynningar með þeim hætti að eðlilegum varnaðaráhrifum verði náð.“*

## 2.

Með hliðsjón af framansögðu telur Neytendastofa að ofangreindar flíkur teljist ekki öruggar vörur í skilningi laga nr. 134/1995 að banna þurfi sölu þeirra og að innkalla þurfi þær frá neytendum vegna verulegrar hættu sem rekja má til óleyfilegra banda í flíkunum. Jafnframt tekur framangreint bann ekki einungis til þeirra stærða eða lita sem vísað er til og skoðun Neytendastofu tók til heldur jafnframt til allrar framleiðslu Henson á sambærilegum vörum sem ætlaðar eru börnum innan þeirra aldurmarka sem vísað hefur verið til hér að framan. Á framleiðendum og ábyrgðaraðilum hvíla ríkar skyldur til þess að tryggja að allar vörur sem eru framleiddar og markaðssettar af hans hálfu uppfylli ávallt kröfur laga, reglugerða og staðla um öryggi vörunnar. Í því felst að ábyrgðaraðili verður að grípa til aðgerða þar sem neytendum er tilkynnt um ágalla varanna og jafnframt upplýstir um það með hvaða hætti þeir geti skilað vörunum eða á annan hátt tryggt öryggi neytenda, s.s. með lagfæringu, sé það unnt. Neytendastofa ber með vísan til 21. gr. laga nr. 134/1995 að banna varanlega alla sölu og afhendingu ofangreinds fatnaðar, enda sé ekki unnt að beita öðrum eða vægari úrræðum.

Samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995 er Neytendastofu heimilt í tengslum við afturköllun, þegar vara er tekin af markaði eða bann sem það leggur við dreifingu eða sölu vöru samkvæmt þessu ákvæði að skylda framleiðanda eða dreifingaraðila, eftir því sem við getur átt, til að lagfæra vöruna þannig að hún uppfylli settar reglur, afhenda kaupendum sams konar vöru, en hættulausa, eða greiða kaupendum andvirði vörunnar. Neytendastofa telur því að Henson beri að bjóða kaupendum að lagfæra vöruna þannig að hún uppfylli settar reglur eða endurgreiði kaupendum ella andvirði vörunnar.



Samkvæmt 2. mgr. 24. gr. laga nr. 134/1995 á framleiðandi eða fulltrúi hans að bera þann kostnað sem hlýst af skoðun, rannsókn og prófun, svo og annan kostnað, sé vara ekki í samræmi við settar reglur. Þá segir og einnig að framleiðandi eða fulltrúi hans eigi að greiða allan þann kostnað af tilkynningum um hættulega vöru sem beint er til almennings, svo sem kostnað við tilkynningar í fjölmiðlum. Neytendastofa fer því fram á að Henson birti fréttatilkynningu þessa efnis til neytenda til þess að tryggja öryggi þeirra neytenda sem keypt hafa ofangreindar vörur og til þess að eðlilegum varnaðaráhrifum sé náð. Neytendastofa mun jafnframt birta tilkynningu í samræmi við efni þessarar ákvörðunar, svo sem venja er til, en bendir jafnframt á heimild stofnunarinnar til að krefja framleiðanda eða ábyrgðaraðila vöru um kostnað við gerð tilkynninga sem gerðar eru á grundvelli laganna telji stofnunin þörf á frekari tilkynningum til almennings en að ofan greinir, sbr. 24. gr. laga nr. 134/1995.

Sölubann þetta og innköllunarkrafa tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar og gildir um óákveðinn tíma. Neytendastofa bendir á að sé fyrirmælum stofnunarinnar ekki hlýtt má samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 134/1995, leggja dagsektir allt að kr. 50.000 á sólarhring, ef ekki er farið að fyrirmælum stofnunarinnar.



### III.

#### Ákvörðunarorð:

„Barnafatnaðurinn ,eróbik buxur með böndum í buxnastreng og á skálmum, buxur með böndum í buxnastreng, svo og þrjár hettupeysur með böndum í hettu, sem sýndar eru á meðfylgjandi myndum í fylgiskjali með ákvörðun þessari, teljast að mati Neytendastofu ekki vera öruggar vörur og uppfylla því ekki kröfur laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, reglur og staðalsins ÍST EN 14682:2007 „öryggi barnafatnaðar - bönd og reimar í barnafatnaði“.

Henson, Brautarholti 24, 105 Reykjavík hefur ekki orðið við fyrirmælum Neytendastofu um að innkalla vörurnar sem geta verið hættulegar börnum og uppfylla ekki kröfur laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu né heldur kröfur staðalsins ÍST EN 14682:2007. Henson hefur ekki, þrátt fyrir fyrirmæli Neytendastofu, farið í viðeigandi ráðstafanir varðandi innköllun og eftir atvikum lagfæringar á vörunum, eftir því sem það er hægt. Með vísan til 20. gr. og 21. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, leggur Neytendastofa hér með bann við allri sölu og afhendingu á ofangreindaum flíkum frá Henson. Þá fer Neytendastofa fram á það á grundvelli 2. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, að Henson geri viðeigandi lagfæringar á flíkunum ella greiði kaupendum andvirði vörurnar, og vörunum sé eytt, sbr. 1. mgr. 21. gr. ef önnur úrræði eru ekki tiltæk. Á grundvelli 24. gr. laga nr. 134/1995 fer Neytendastofa fram á að Henson birti fréttatilkynningu um innköllunina til þess að eðlilegum varnaðaráhrifum sé náð.“

Neytendastofa, 31. október 2014


Tryggvi Axelsson  
Forstjóri

Helga Sigmundsdóttir  
Lögfræðingur




Fylgiskjal með ákvörðun 49/2014. Myndir af fatnaði.

**Hettupeysa með böndum í hettu - Rauð:**




**Erobik buxur - svartar - með böndum í buxnastreng og á skálmum:**



**Buxur með böndum í buxnastreng:**



**Hettupeysa með böndum í hettu -með bláu fõðri í hettu:**



**Hettupeysa með böndum í hettu - hvít með svörtu og brúnu lopapeysumynstri:**

